

Göprún dimmblá skráir
mál litlu kjaftforu völvu

Óðsmál in fornu

ISBN 978-9935-409-40-9

24. ISBN 978-9935-409-23-2


guðin dagarnir reikistjörnurnar mannsheilinn

Göia goði, Óðsmál,
<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejukettir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is



Norræn menning

+354 694 1264; +354 552 8080



©GlobalCountry sjá 19., móðir jörð, virkni þalamus náttúrulegt eðli heilans er að virka áttænt. Sömu lögmál eru í sthapatyaved byggingarlist. Náttúrulögmálin sjá um sköpunarkraftinn, eru grundvöllur gilda jafnt í einstaklingi sem í alheimi. Þau eru grunnurinn að reglu alheimsins.



rán rögn regin रच् रचन

ratsj byggja upp, framleiða, fullkomna, ratsjana fyrirkomulag hugarsköpun

guðin dagarnir reikistjörnunar mannsheilinn

*-Heilir Æsir, heila Ásynjur, heilir Vanir, og ljúfu Vanadísir,
heilar og sælar allar vættir.
Við lifandi menn búum í alheimi, búið þið, lifandi guð, í okkur?*

-Nöfn daganna, guðanna, reikistjarnanna og heilastöðva manns samsvarast,
einnig er samhljómandi ímynd alls þessa í goðsögnum og vísindum.

Hin ævafora menning hefur nú verið enduruppgötvuð og nýjustu vísindi útskýra hana.
Eðlisfræði, lækningavísindi, öll vísindi.

Hin ævafora vizka tekur fram nútímavísindum.

Hún er úr þekkingunni miklu eilífu.
Heyrð og séð af sjáandi mönnum.

Nú eru vísindi vedanna hin fullkomnu
að hvísla að nútímavísindunum því sem á vantar!
http://www.cbeprogram.org/programs/popup/unified_field.html
vedavísindi nútímavísindi ©GlobalCountry
á þessu korti sést hve miklu miklu fullkomnari vedavísindin eru,
vinnandi útfrá vitund, meðan gömlu vestrænu vísindamennirnir
rannsaka efnisheiminn eingöngu.

Hver dagur á við sérstakt náttúrulögmál, og þetta er ekki byggt á
hentistefnu eða mannlegum hugtökum.

Á hverjum degi vekja menn eitthvert guð með því að nefna nafn dagsins.

húta हुत það guðið sem oblátan er handa,

púru húúta margdýrðkaður पुरु हूत (stofn hve है)

Elohim El eitthvert eitt guð sem tranar sér fram sem eina sanna.
En fjölgyði vísar í eindina. Þótt mörg séu guðin er eindin ein.

Aðeins menn á æðri vitundarstigum skilja í raun guðanöfn;
Guðin eru sannleikur innan mannanna,
einsog Ram Swarup, hinn yndislegi vinur okkar, orðar það í bók sinni:
The Word as Revelation, Names of God:

kim yat tat किं यत् तत्, sat chit aananda सत् चित् आनन्द

Dagarnir bera nöfn reikistjarnanna, þeirra sem sjást frá jörðu,
og þetta eru nöfn guðanna.

Samsvarandi nöfn eru á sanskrít og Evrópumálum
-- nema þar sem búið er að eyðileggja daganöfnin.
Grikkir eyðilögðu öll,
Íslendingar skemmdu allt nema sunnudag og mánadag,
Þýzkarar Óðinsdag í suðurhluta Germaníu: Wotanstag varð Mittwoch.
Grikkir vita nú ekki lengur hvað dagarnir hétu fyrir nafnabreytinguna.

Á hverjum degi vekja menn eitthvert eitt guð með því að nefna nafn
dagsins.

Kannski þess vegna var nöfnunum breytt.
Kannski þótti þetta of déskoti heiðið til að dröslast með á hverjum degi.

Sunnudagur og mánadagur áttu hér á Íslandi að breytast í drottinsdag og annandag, en böðlar daganafna komust að þeirri niðurstöðu að sól og máni væru öllum mönnum kær, og Guð hefði skapað sól og tungl, svo þau daganöfn fengu að haldast, þótt gyðjan Sól og Máni förunautur hennar séu goðsagnaverur í daganöfnunum, goðkynja verur sem þyrja yfir himin á Glóföxa og Hrímföxa. Sunnudagur, mánadagur.

Loki var snjall að venju og menn héldu að hann væri laug til að þvo sér í, en í raun laug Loki smá -- þátíð af sögninni ljúga -- til að redda sér og sínum degi vikunnar.


Þessi snjalla þvottadagshugmynd hefur orðið til þess að menn fengu hreinlætisæði á laugardögum, og skrúbbuðu sjálfa sig og krakkana meira að segja líka. Annars voru til sóðar sem fóru aðeins í bað fyrir jólin.

Í Evrópu var baði lokað, því menn áttu það til að fara berir í bað, og það leizt kyrkjunnar mönnum ekki á.

Enda menn þar og þá af þeim taldir óguðlegir ormar, og gætu þá eins verið skítugir ormar. Breytti sossum ekki miklu. Guð hafði öðrum hnöppum að hneppa en lita til með þeim, hvort eð var.

Semsagt: reikistjörnurnar og vikudagarnir bera nöfn goðvera í sanskrít og Evrópumálum, sól, máni, týr, óðinn, þór, freyja, loki (/satúrnus), daganöfn = guðanöfn = reikistjörnur, gott og vel. Þetta hefur kannski runnið upp fyrir mörgum.

En: = hlutar mannsheilans!!



©GlobalCountry

Tony Nader, MD PhD, maha-radja adhi-radja Nader raam, skrifar bækur um læknisfræði, því hann er jü prófessor í læknisfræði. Endilega lesið bækur hans. Hann er konungur Heimsfriðarríkisins.

Líklega var búið að gleyma þekkingunni miklu,

einkum um að hlutar heilans samsvara hér nákvæmlega,
 palamus (stúka, en allt hefur þetta íslenzk nöfn; Sól, súúrya),
 hypopalamus (Máni, cchandra),
 amygdala (Týr, mangal),
 subpalamus (Óðinn, budh),
 globus pallidus (fölvaknöttur, Þór, guru),
 substansia nigra (Freyja, shukra).
 putamen (Loki, shani).
 nucleus caudatus í heila okkar líka, ketú og raahú haus, og hali
 goðsagnaverunnar drekans, ormsins mikla. Reyndar ekki knettir en
 tunglafstaða.

Þessir hlutar heilans hafa sömu starfsemi að gegna og samsvarandi guð
 tákna í goðsögnum!

ythaa piñde tathaa brahmaañde यथा पिण्डे तथा ब्रह्माण्डे

svo sem líkaminn (samsetti kjötklumpurinn) er,
 er og alheimurinn (eggið gullna)



© Global Country

Sólin okkar í veröld lýsir upp að utan, gyðjan Sól uppljómar innra.

Gyðjur lýsa innra líf manna sem og ytra líf þeirra.
 Gyðjur eru luktin við útidyrnar. Lýsa upp allt okkar líf.

Sól (þalamus) er gyðja sem lýsir upp innra og lýsir upp ytra, lýsir upp
 gangstigin sem að húsinu okkar liggur. (17.).
 Hún er útidyraluktin, svona í dyragættinni. Hún lýsir einnig forstofuna
 og allt húsið.
 Við skulum öll opna útidyrnar og ganga inn í okkar eigið hús.

Gyðjan Sól (sólarsæla, uppljómun; súúrya),
 Máni (hugur; luna, cchandra),
 Týr (réttlæti, lög og tærleiki; Marz, mangal),
 Óðinn (vitund; buddh, Merkúr),
 Þór (kraftur, þekking; Júpíter, guru),
 Freyja (ást, sköpun; Venus, shukra),
 Loki (Satúrnus; shani).

Það nýjasta í læknisfræði kom út í bók eftir einhvern mesta vísindamann heims, Radja Raam, lækninn Tony Nader, MD PhD, Beirút, Lebanon, konung Global Country of World Peace, um, að í mannsheilanum er samsvörun við reikistjörnurnar:

Dagaheiti á sanskrít:

bhaanuvaasarah -- sunnudagur sunna sól Súúrya

sól einnig bhaanú भानु भा bhaa sbr Bragi „hinn ljómandi/skinandi“
indúvaasarah eða sómavara -- mánadagur máni tungl luna cchandra

bhaumavaasarah týsdagur -- Týr Marz mangal मङ्गल hamingja velferð
búddhána saumyavaasarah saumyavara -- óðinsdagur merkúr búddh
Óðinn Wotanstag/Mittwoch

gúrúvaasarah -- þórsdagur

shúkravaasarah -- freyjudagur

shanivaasarah Saturday /saturn-day laugardagur saturnus Loki.

mangal मङ्गल er orð sem notað er til gæfugefandi heillaóska,
svo ekki er Týr (16.) neinn algrimmur hernaðarguð einsog rómverski Mars,
heldur er hægt að vinna allt og alla með því einfalda eina að vera ósigrandi. (38.)

reikistjarnan Týr einnig kúdjah कुज (sonur jarðar).

Gyðjan Sól -- sæla uppljómun súúrya सूर्य

-- gyðja uppljómunar ákvarðanir leiðandi afl, en súúrya er karlkyns

Máni -- hugur luna cañdra (frb tsjañdra) चंद्र

-- hugur sóma tilfinningar hjartnæmi samhugð

Týr -- réttlæti lög og tærleiki Marz mangal मङ्गल kúdjah कुज

-- hreysti að vera hugaður réttlæti og hin guðlegu lög
alheimslög úr tívatúni (14.) lögmálin náttúru

Óðinn -- vitund búddha búddh Merkúr बुद्ध

-- skilningur rökhugsun

Þór - kraftur, þekking; júpíter, guru गुरु

-- þekking, vizka,

Freyja - ást, sköpun; Venus, shúkra शुक्र, brigú भृगु

-- ást, laðar fólk að,

Loki Satúrnus shani शनि

-- sársauki, þjáning, vandræði

drekahaus -- ópolinmæði ketú केतु

drekahali -- vonbrigði rahú रहू

Ormur girðir lönd og sæ, bítur í eigin hala,
Þór jarðarburr fer við orm að vega,
Þór og þekking ráða niðurlögum æðru, víls og ergi, geðvonzku, æsings.
Þór eflir þolinmæði og seiglu, ræður niðurlögum ópolinmæði og
uppgjafar.

Semsagt, einfalt:

Palamus Sól súúrya

hypopalamus Máni candra (frb. tsjandra),

amygdala Týr mangal

subpalamus Óðinn búddh

globus pallidus Þór, gúrú

substansia nigra Freyja shukra

putamen Loki shani

Og í heila okkar eru líka ketú (hinn bjartleiti) og raahú (sá sem grípur, hremmir); haus og hali goðsagnaveru, nucleus caudatus, (ketú og rahú eru einhvers konar afstaða í tungli.)

Margt er skrítið í kýrhausnum,
og margt sem við skiljum ekki í alheimssamhengi í mannslíkamanum.

Svo sem hið stærsta svo er einnig hið smæsta,
skapað í sömu mynd.

En nú hefur konungur Heimsfriðarríkisins, maharadja adhiradja raam (Tony Nader MD PhD) skrifað bækur um allt sem finnst í mannslíkamanum í fullkominni samsvörun við vedurnar.

Vedurnar fjórar (rík sama yadjúr atharva) og 36 vedabókmenntirnar.

Einnig bók um Ramanaya sem á sér samsvörun í mannslíkamanum.
Hvert og eitt einasta atriði. Ramanaya er um náttúrulögmálin.
Ný sýn á náttúrulögmálin,
vitsmunir sem stjórna og leiða alheim.

Þau gera lífinu kleyft að þróast,
lífinu sé hægt að lifa í fullkomleika.

Í meðvitund mannanna munu margir tívar vaktir og gerðir lifandi í
mannheimi.

Við eigum mikið ólært og margt eftir að skilja betur.
En nú er engin afsökun því vísindin eru aðgengileg öllum mönnum.

Hið fullkomna heilbrigði, hin fullkomna lækning, felst í Gungni.
Heilbrigði er hið eina rétta.
Ósamhljómur er klaufaskapur og á ekki rétt á sér.

Verst er að ýmsir prófessorar og vísindamenn eru svo fastir í sínu
sérsviði að jaðrar við þröngsýni. Sumir hlusta, sumir vilja ekki hlusta,
skilja ekki vegna þess að þeir segja að þetta falli ekki undir þeirra
sérsvið. Snöggir að skýla sér á bakvið sérhæfða menntun sína, sem þeir
hafi ekki tíma til að fara útfyrir, því hún sé svo yfirgripsmikil.

Sérsviðabekking er líklega farin að klippast af frá grunni allrar
þekkingar. Þannig verða filabeinsturnar til, hinn þröngsýni múrast inni.
Hann hefur svo mikið að gera í sínu þrönga krefjandi sérsviði.

(Vitundarþroskamenntun, 37.)

En næsta kynslóð vísindamanna mun læra grundvallarþekkinguna.

Vitundarvísindi eru ekki þverfaglegt neitt,
heldur grunnurinn undir öllu, öllum fögum, öllu sem er,
og mannlegri hugsun.

Doktor í stjarnfræði, íslenzkur, sagður mikill vísindamaður á sínu sviði,
og í alþjóðasamstarfi, sagði: Heimurinn varð til úr engu, og nú eiga
heimspekingar eftir að útskýra hvernig eitthvað getur orðið til úr engu.
Ég vorkenndi þessum heimsfrægaálslandi manni með fína gamla
prófgráðu, en ég veit að sumir gömlu mennirnir eru komnir í mjög harða
filabeinsturna, ókleifa öllum nýjungum, rammgera og verjandi gegn öllu
sem getur stangast á við gömlu, stundum forpokuðu og óendurskoðuðu,
kenningarnar þeirra, nú eða þeir finna að eitthvað er til sem þeir hafa
ekki heyrt af og fara þá í vörn í stað þess að vilja skilja.

En filabein er í raun tönn, og tennur eru það sem lengstan tíma þarf til
að rotna á líkum manna og dýra.

Filabeinsturn er geysiharður og ósveigjanlegur. Mjög hættulegt
viðsýninni og mönnunum að lokast sem alvitringar inni í þessum
endemis alltofalgengu filabeinsturnum.

En sjáið svo hve óklúðraða vísindamenn við eigum innanum, sem útiloka ekki að betri menn fæðist á Íslandi, þótt þeir skilji ekki sjálfir nú:

>Ég hneigist til að túlka málið þannig að rannsóknir séu ekki komnar nógu langt til að vísindamenn séu reiðubúnir að tengja kjarna- og örendafræði við heilann eða manns-hugann. Það getur hins vegar vel verið að þetta gerist e-n tímann í framtíðinni!?

Raunar:

Þekkingin hefur borizt til Íslands,
framtíðin er komin til Íslands,

og góður vísindamaður útilokar ekki að Íslendingar muni skilja þetta einsog aðrir – einhvern tíma í framtíðinni.

Að vísu hafa menn hér ekki fylgt með.

Þetta hefur auðitað borizt til Íslands.

Þetta er vitað.

Næsta kynslóð vísindamanna á Íslandi verður örugglega ekki forpokaðir eftirbátar einsog þessir núverandi.

Þá verða vitundarvísindin þekkt öllum mönnum.

Allir læra þetta í barnaskóla.

Ginnungagap sést ekki með okkar augum.

Augun okkar eru gerð eru fyrir efnisheiminn. (26.)

Fínu tækin okkar -- sem við erum svo montin af, framlenging
skilningarvitanna -- nema ginnungagap ekki heldur.

Margir vísindamenn _vita_ að þetta svið, tívatún, samsviðið, er þarna,
hlýtur að vera þarna,
en það mælist ekki.

Þetta vissi Einstein og var rosalega pirraður yfir að geta ekki vel fundið og
mælt það sem hann vissi að var þarna.

Sumir vísindamenn skilja ekki enn að við erum að rannsaka okkur sjálf.

Mannleg vitund og alheimsvitund er eitt og hið sama.

Eitt, ekki tvennt.

Þeir sjá sig sem eitt og rannsóknarefnið – nb. efnið – sem annað.

Meðan svo er er ekki von að þetta gangi.

Mannslíkaminn á sér samsvörun í alheiminum,

aham vishvam अहं विश्वम्

ég er alheimsvitund
allir eru vitund.

Rannsóknir innan vitundar, með samsviðstækninni TM og vísindunum,
eru hið einfaldasta mál.

Ekkert er auðveldara.

Lögmál náttúrunnar stjórna alheiminum snurðulaust, og við skulum lifa
í Þundarflæði (38.) með þeim.

Mannslíkaminn er í fullu samræmi við alheim.

Maharadja hefur, semssagt, einnig fundið náttúrulögmálin, sem
Ramanaya er um, í mannslíkamanum.

Að stríða gegn náttúrulögmálunum kann ekki góðri lukku að stýra.


Grem eigi goð að þér er bón um að niðast eigi á náttúrunni,
stríða eigi gegn hennar fullkomnu lögmálum. (38., Þund; 36., náttúran.)

Guð gremjast auðvitað ekki, en gremi mikið er fyrir mennina að stríða
náttúrulögmálunum og gegn þróun.

Lifum í sátt við goðin, en þau eru forsetar náttúrulögmálanna.




Sjáið hvað ég var að lesa!!



Notes:

- (1) Wolfgang Krause, *Les runes, ou l'écriture des Vikings et des anciens Germains*, Editions du Porte-Glaive, Paris 1995.
- (2) J.Y. Guillaume, *Les runes et les étoiles*, Editions Dervy, Paris 1995.
- (3) B.G. Tilak, *Orion, ou recherches sur l'antiquité des Védas*, Editions Archè, Milan 1989.



í Antaios blaðinu, hjá vinum mínum í Flandern, síðan um vetrarsólhvörf 1995:



En contemplant le ciel, le dieu Odin a établi un repérage stellaire dont il a transposé les formes sur la terre en inventant les runes symboliques.

Þetta tel ég sko merkilegt líka. Og flottir skór sem hann er í, ma'r!!
Og töff stuttbuxur. Er hann með þyrniskórónu úr geislum?? Stæll á honum.

Samkvæmt heitum stjörnumerkjanna (sem skrifuð eru inná, læsilegt þegar stækkað)
á myndin að snúa svona:



Ætli Óðinn liggi á bakinu og horfi á næturskuggsjá,
eða er hann í djúpu dhyaana og sér??
Þá er ekkert sem heitir upp og niður. Allt aðein er.

Ég sjálfur, persónulega, náði þessum rúnum nú ekki þegar ég hékk í 9 nætur.
Óðinn greinilega klárari en ég (??).
Það er ekkert upp og niður á heiminum og 9 nætur er tímaleysi. Aðeins hang.
Gaman að rúnirnar skuli sjást á næturhimninum!!!

-Stórmerkilegt !

og nú verðum við einnig að lesa, í
Human Physiology, Expression of Ved and Vedic Literature,
eftir hans hátign Raam konung, ISBN 81-7523-017-7,
um dhyótish í mannshöfðinu,
samsvarandi í einu og öllu.
Ekki aðeins reikistjörnurnar 7 sem við sjáum frá jörðu + ketú og rahú,
heldur einnig 27 nakshatra á himninum og nákvæm samsvörun,
húsin 12, bhaava, raashi,
7 rishi og stjörnumerkin samsvarandi,
27 nakshatra í hverri frumu (efnafræðilegar upplýsingar og tunglsamstirni)
og húsin bhaava og raashi í frumu,

allt finnst í * líkamanum, * í hverri frumu, * í kjarnsýrunni (DNA).
Þessa bók raams konungs (Tonys Naders MD PhD) þarf að lesa amk
þrisvar!!!
Þá fyrst er hægt að skilja aðeins heildina.

Sólkerfið okkar er sá hluti náttúrulögmálanna sem við erum tengdust og
hefur mest áhrif á okkur,
og í okkur býr samsvörun við alheim sem við erum í,
eða frekar
alheim sem er í okkur.

Skaparinn, brahma, hefur í manninum skapað nákvæmalega allt sem er
óskapað í tívatúni, og skapað í hinum sýnilega alheimi.


Það er að finna einnig í ósköpuðum vedunum
innan aatma – brahm.

http://www.cbeprogram.org/programs/popup/unified_field.html
vedavísindi nútímavísindi

http://www.poverty-removal.org/appendix16n/appendix_16_.html
nemi nám námsefni í eind
(37., vitundarþroskamenntun, CEB, Consciousness- Based Education
©Global Country

Mannleg vitund og alheimsvitund, svinnur, er eitt og hið sama.
Guð hefur semsagt skapað manninn í sinni mynd.

Hér er hina óendanlega gleiðu og víðu Glaðheima vitundar að finna.
Og allt er að þróast, menn þróuðust af mannöpum.



Allt er ginnungagap.
Allt er í því.
Allir menn eru ginnungagap, hin mikla þekking.
Allt er innan hennar.
Þekkingin er fyrir hendi í vitund.

aham vishvam ég er allt अहं विश्वम्

Endilega haldið heilanum starfandi.
Alltaf ögra honum með nýjum vísindum og ævafornu þekkingunni
enduruppgötvaðri.
Notaður virkar heilinn betur. Notið heilann,
gerið taugakerfið tært með TM-tækninni,
og heilann fullkomlega samræmdan í allri virkni.

Þjálfði heilann, notið heilann, annars hrörnar hann.
Bezta næringin kemur með því að iðka einnig sína valkyrju.



ISBN 978-9935-409-23-2

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar) raastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्षि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar. Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhita /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála / „stjórnarskrá alheims“. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvísindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu. Lífa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavad (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræði inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-, auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun. Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -visindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkunnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hverrar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með visindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lífa Þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hverra forsetar guðin okkar eru. Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samvinnuð“ sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rótföstum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samvinnnaðar“ íslenzkri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenzka menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lífa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharma). परधर्म (paradharma), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknsmál okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lífað ið hulda Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður“ gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprellumifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtalækjarhljóð Goþrún dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
